

Vottunarframkvæmd (VF)

Auðkennis hf.

Útgáfa 1.0
Júlí 2001

Vinsamlega sendið athugasemdir við VF þessa með tölvupósti á netfangið legal@audkenni.is eða í pósti stíluðum á:

Auðkenni hf.
Lögfræðisvið
Engjateigi 3
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

1	Almennt.	6
1.1	Um Auðkenni.	6
1.2	Stafræn skilríki.	6
1.3	Val notenda á vottunarþjónustu.	6
1.4	Skráningaraðilar Auðkennis.	6
1.5	Áskrifendur.	7
1.6	Aðilar sem reiða sig á skilríki.	7
1.7	VF Auðkennis (e. CPS – Certification Practice Statement)	7
2	Tækni.	8
2.1	Umsjón stafrænna skilríkja.	8
2.2	Skráasafn, skjalasafn og afturköllunarlisti Auðkennis.	8
2.3	Áreiðanleg kerfi (e. Trustworthy Systems).	8
2.4	Gerðir skilríkja Auðkennis.	9
2.4.1	Persónuauðkenni og Starfsauðkenni.	9
2.4.2	Vefauðkenni.	9
2.4.3	Vörueuðkenni.	10
2.5	Samþykki hug- og vélbúnaðar.	10
2.6	Viðbætur og nafnareglur.	10
2.6.1	Viðbætur við stafræn skilríki.	10
2.6.2	Innleiðing með tilvísun fyrir viðbætur og aukna nafngift.	10
2.7	Aðferð við framleiðslu einkalykla.	10
2.7.1	Framleiðsla lykla.	10
2.7.2	Leynileg skipting.	11
2.8	Snið skilríkja Auðkennis.	11
2.8.1	Viðbótarsvæðið "Key usage".	11
2.8.2	Merking við úrslitaáhrif eða ekki "Criticality field".	11
2.8.3	Viðbótarsvæðið "Basic constraints".	12
2.8.4	Viðbótarsvæðið "Certificate policy".	12
3	Skipulag.	13
3.1	Uppbygging Auðkennis	13
3.2	Samkvæmni við VF þessa.	13
3.3	Lok vottunarþjónustu.	13
3.4	Form gagna.	13
3.5	Geymslutími gagna.	13
3.6	Skráning megináðgerða.	14
3.7	Endurskoðun vegna megináðgerða.	14
3.8	Neyðaráætlun.	14
3.9	Aðgengileiki skilríkja Auðkennis.	14
3.10	Birting upplýsinga um útgefin skilríki.	14
3.11	Trúnaðarupplýsingar.	14
3.12	Örugg aðstaða.	15
3.13	Stjórnunar- og starfshættir.	15
3.13.1	Trúnaðarskylda starfsfólks.	15
3.14	Almenn birting upplýsinga.	15
4	Starfsaðferðir og starfshættir.	16
4.1	Umsóknarskilyrði vegna skilríkja.	16
4.1.1	Notkun fulltrúa.	16
4.1.2	Framleiðsla lykla.	16
4.1.3	Vernd lykla.	16
4.1.4	Notkun öruggs búnaðar og vara.	16
4.1.5	Framsál skyldna vegna einkalykla.	16

- 4.2 Auðkenning áskrifenda.16
- 4.3 Upplýsingar til sannprófunar umsóknar um skilríki.17
 - 4.3.1 Upplýsingar til sannprófunar fyrir einstaklinga.17
 - 4.3.2 Upplýsingar til sannprófunar fyrir fyrirtæki, félög og stofnanir.17
- 4.4 Skilyrði staðfestingar umsókna um skilríki.18
 - 4.4.1 Persónuleg viðurvist.18
 - 4.4.2 Staðfesting þriðja aðila á upplýsingum um fyrirtæki.18
 - 4.4.3 Staðfesting veffanga og úthlutun raðnúmera.18
- 4.5 Tími til staðfestingar.19
- 4.6 Samþykki eða höfnun umsókna um skilríki.19
- 4.7 Útgáfa skilríkis og samþykki áskrifanda fyrir útgáfu.19
- 4.8 Upphaf gildistíma skilríkis.19
- 4.9 Samþykki áskrifanda á skilríki.19
- 4.10 Birting útgefina skilríkja.19
- 4.11 Sannprófun stafrænna undirskrifa.20
- 4.12 Að reiða sig á stafræna undirskrift.20
- 4.13 Frestun og afturköllun skilríkja.20
 - 4.13.1 Beiðni um frestun eða afturköllun.20
 - 4.13.2 Áhrif frestunar eða afturköllunar.21
 - 4.13.3 Endurnýjun.21
- 4.14 Tilkynning áður en skilríki rennur út.21

5 Lagaleg skilyrði útgáfu. 22

- 5.1 Yfirlýsingar Auðkennis.22
- 5.2 Upplýsingar sem eru innleiddar í stafrænt skilríki með tilvísun. 22
- 5.3 Vísar til að innleiða með tilvísun.22
- 5.4 Birting ábyrgðartakmarkana og höfnun ábyrgðar.22
- 5.5 Birting upplýsinga í skilríki.22
- 5.6 Skylda til að fylgjast með nákvæmni veittra upplýsinga.23
- 5.7 Birting upplýsinga.23
- 5.8 Afskipti af vottunarkerfi Auðkennis.23
- 5.9 Staðlar.23
- 5.10 Takmarkanir samstarfsaðila Auðkennis.23
- 5.11 Takmarkanir Auðkennis á ábyrgð vegna samstarfsaðila.23
- 5.12 Leynilegir hlutar.24
- 5.13 Val á dulmálsaðferðum.24
- 5.14 Að reiða sig á ósannprófaða stafræna undirskrift.24
- 5.15 Útgefin en ósamþykkt skilríki.24
- 5.16 Höfnun á útgáfu skilríkis.24
- 5.17 Skyldur áskrifanda.24
- 5.18 Yfirlýsingar áskrifenda við samþykkt.25
- 5.19 Skaðleysi og skaðabætur frá áskrifanda.26
- 5.20 Skyldur skráningaraðila Auðkennis.27
- 5.21 Skyldur aðila sem reiða sig á skilríki.27
- 5.22 Lögumæti upplýsinga.27
- 5.23 Ábyrgð áskrifenda gagnvart aðilum sem reiða sig á skilríki. 27
- 5.24 Skylda áskrifenda til að hafa eftirlit með fulltrúum.28
- 5.25 Notkun fulltrúa og ábyrgð.28
- 5.26 Skilmálar fyrir notkun á gagnasöfnum Auðkennis og vefsíðu.28
- 5.27 Áhættutaka.28
- 5.28 Nákvæmni upplýsinga.28
- 5.29 Misbrestur á því að fara eftir skilyrðum.29
- 5.30 Skyldur Auðkennis.29
- 5.31 Ábyrgð vegna hæfni til ákveðins tilgangs.30

5.32	Aðrar ábyrgðir.30	
5.33	Ósannprófaðar upplýsingar frá áskrifendum.30	
5.34	Höfnun ábyrgðar vegna tiltekins tjóns.30	
5.35	Takmarkanir á bótaskyldu og bótafjárhæð.31	
5.36	Árekstur reglna.31	
5.37	Hugverka- og auðkennaréttindi.32	
5.38	Brot á hugverka- eða auðkennaréttindum og skaðlegt efni.32	
5.39	Eignarréttur.32	
5.40	Lagaval.32	
5.41	Lögsaga.32	
5.42	Lausn deilumála.33	
5.43	Eftirmenn og framsalshafar.33	
5.44	Aðskilnaður ákvæða.33	
5.45	Túlkun.33	
5.46	Engar undanþágur.33	
5.47	Tilkynningar til Auðkennis.33	
5.48	Gjöld.34	
5.49	Ákvæði sem lifa áfram eftir lok gildistíma VF.34	

6	Almennar útgáfureglur.	34
6.1	Almennt.	34
6.2	Skilríki gefin út til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.	34
6.3	Efni skilríkis.	35
6.4	Framlögð gögn til sannprófunar á auðkenni umsækjanda.	35
6.5	Tímafrestur til að sannprófa framlögð gögn.	36
6.6	Starfsaðferðir við útgáfu.	36
6.7	Tryggingar.	37

1 Almennt.

Þessi hluti VF veitir yfirlit yfir almenna vottunarpjónustu Auðkennis.

1.1 Um Auðkenni.

Auðkenni er hlutafélag og að baki fyrirtækinu standa m.a. allir viðskiptabankar og sparisjóðir landsins, símafyrirtæki og hugbúnaðarhús.

Auðkenni er vottunaraðili (e. CA – Certification Authority) sem gefur út traustverð stafræn skilríki í háum gæðaflokki til einstaklinga, einka- og opinberra aðila. Vottunaraðili er fyrirtæki eins og Auðkenni sem framkvæmir aðgerðir tengdar dreifilyklakerfum, þ.á.m. gefur út, frestar og afturkallar stafræn skilríki.

Við framkvæmd dreifilyklapjónustu sinnar skuldbindur Auðkenni sig til að fylgja háum alþjóðlegum stöðlum, þ.á m. þeim reglum er gilda um fullgild rafræn skilríki samkvæmt tilskipun ESB 99/93 og lögum nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir, við útgáfu fullgildra skilríkja.

1.2 Stafræn skilríki.

Stafrænt skilríki (e. digital certificate) er sniðin gögn sem tengja tiltekinn áskrifanda við dreifilykil. Stafrænt skilríki gerir aðilum sem taka þátt í rafrænum viðskiptum kleift að sanna auðkenni sitt gagnvart öðrum aðilum slíkra viðskipta. Rafræn skilríki eru notuð sem rafrænar hliðstæður hefðbundinna persónuskilríkja.

Stafræn skilríki er m.a. hægt að nota til aðgerða eins og auðkenningar, rafrænnar undirritunar og dulritunar. Stafræn skilríki fela almennt ekki í sér neins konar umboð.

1.3 Val notenda á vottunarpjónustu.

Þrátt fyrir að Auðkenni bjóði upp á margar gerðir stafrænna skilríkja þá getur verið að kerfið sé ekki fullkomlega öruggt fyrir allar gerðir notkunar eða færslna. Áskrifendur eru hvattir til að kynna sér með fullnægjandi hætti þarfir sínar í tengslum við þá notkun sem þær ætla sér að tryggja, áður en þeir sækja um skilríki frá Auðkenni.

1.4 Skráningaraðilar Auðkennis.

Auðkenni afhendir skilríki eingöngu eftir sannprófun á auðkenni umsækjanda. Vegna þessa veitir Auðkenni þjónustu sína til áskrifenda í gegnum net skráningaraðila sem samanstendur af skráningarstöðvum (e. RA – Registration Authority) og staðarskráningarstöðvum (e. LRA – Local Registration Authority). Þessir aðilar:

Taka við, meta og samþykkja eða hafna skráningu umsókna um skilríki.

Skrá áskrifendur að vottunarpjónustu Auðkennis.

Annast á öllum stigum auðkenningu áskrifenda í samræmi við þær reglur sem Auðkenni setur um gerð þess skilríkis sem gefið er út.

Nota opinber, vottfest eða annars konar staðfest skjöl til að meta umsóknir áskrifenda.

Tilkynna Auðkenni um að gefa skuli út skilríki, í kjölfar samþykkis á skráningu umsóknar.

Hefja ferlið við það að afturkalla skilríki og óska eftir afturköllum við Auðkenni þegar það á við.

Skráningaraðilar starfa á grundvelli samþykkis og leyfis frá Auðkenni í samræmi við starfshætti og starfsreglur Auðkennis. Staðarskráningarstöð framkvæmir skráningarstörf fyrir hönd skráningarstöðvar, undir eftirliti og ábyrgð hennar.

1.5 Áskrifendur.

Áskrifendur (e. subscribers) Auðkennis eru náttúrulegar og lagalegar persónur sem nota dreifilyklakerfi og skilríki frá Auðkenni í viðskiptum sínum og samskiptum. Áskrifendur eru aðilar sem eru auðkenndir í stafrænu skilríki og halda á (e. hold) einkalyklinum sem svarar til dreifilykilsins sem er skráður í skilríkinu. Áður en auðkenning fer fram og skilríki gefið út telst áskrifandi vera umsækjandi um þjónustu Auðkennis.

1.6 Aðilar sem reiða sig á skilríki.

Aðilar sem reiða sig á skilríki (e. relying parties) eru náttúrulegar og lagalegar persónur sem nota dreifilyklakerfi í tengslum við stafræn skilríki frá Auðkenni og reiða sig á slíkt skilríki og/eða undirskrift sem er sannprófanleg með vísun til dreifilykils sem skráður er í skilríki áskrifanda.

Til að sannprófa gildi stafræns skilríkis verða aðilar alltaf að skoða skráasafn (e. directory) Auðkennis sem inniheldur afturköllunarlista (e. CRL – Certificate Revocation List) áður en þeir reiða sig á upplýsingar sem koma fram í skilríki.

1.7 VF Auðkennis (e. CPS – Certification Practice Statement)

VF (Vottunarframkvæmd) Auðkennis er opinber yfirlýsing um starfshætti Auðkennis við framkvæmd vottunarstarfsemi sinnar og um skilyrði útgáfu (e. issuance), frestunar (e. suspension), afturköllunar (e. revocation) o.s.frv., stafrænnaskilríkja sem gefin eru út undir vottunarkerfi (e. hierarchy) Auðkennis. Í samræmi við skiptingu verkefna vottunaraðila þá er VF þessari að meginstefnu skipti í eftirfarandi hluta: Tækni, skipulag, starfsaðferðir og lögfræði.

HægteraðnalgastVFþessaáNetinuávefslóðinni www.audkenni.is/skjalasafn, með því að senda tölvupóst á netfangið legal@audkenni.is og með því að senda póst stíluðum á; Auðkenni hf., lögfræðisvið, Síðumúla 35, 108 Reykjavík.

2 Tækni.

Þessi hluti fjallar um nokkra tæknilega þætti stoðkerfis (e. infrastructure) dreifilyklapjónustu Auðkennis.

2.1 Umsjón stafrænna skilríkja.

Umsjón Auðkennis með stafrænum skilríkjum (e. certificate management) varðar einkum aðgerðir er snúa að eftirfarandi:

Sannprófun á auðkennum umsækjenda um skilríki.

Heimilun á útgáfu skilríkja.

Útgáfu skilríkja.

Afturköllun skilríkja.

Skráningu skilríkja.

Dreifingu skilríkja.

Birtingu skilríkja.

Geymslu skilríkja.

Endurheimtu skilríkja í samræmi við ætluð not þeirra.

Innan vottunarkerfis Auðkennis framkvæmir Auðkenni, eða aðili sem tilnefndur er af Auðkenni, alla umsjón með skilríkjum. Auðkenni er ekki viðriðið aðgerðir tengdar framleiðslu, útgáfu, afturköllun eða eyðingu lykllapara, en slíkar aðgerðir er algerlega á forræði og undir stjórn áskrifenda.

2.2 Skráasafn, skjalasafn og afturköllunarlisti Auðkennis.

Til þess að auka traust á þjónustu sinni gerir Auðkenni, með beinum hætti eða í gegnum þriðja aðila, opinberlega aðgengileg og hefur umsjón með skráasöfnum með útgefnum, frestuðum og afturkölluðum skilríkjum. Afturköllunarlisti er slíkt skráasafn. Notendur og aðilar sem reiða sig á skilríki eru stranglega hvattir til að fletta alltaf upp í skráasöfnum yfir útgefin og afturkölluð skilríki áður en þeir reiða sig á upplýsingar sem koma fram í skilríki. Auðkenni uppfærir reglulega skráasafn sitt yfir afturkölluð skilríki.

Auðkenni birtir einnig skjalasafn með lagalegum skjölum er varða dreifilyklapjónustu félagsins, þ.á m. VF þessa auk annarra upplýsingar sem það telur nauðsynlegt að birta vegna þjónustu sinnar.

2.3 Áreiðanleg kerfi (e. Trustworthy Systems).

Auðkenni notar áreiðanleg kerfi í tengslum við þjónustu sína. Áreiðanlegt kerfi er tölvu hug- og vélbúnaður og starfsreglur sem veita ásættanlegt stig verndar gegn öryggishættum, veita eðlilegt stig auðfánleika (e. availability), áreiðanleika og rétttrar starfrækslu og framfylgir öryggisstefnu.

2.4 Gerðir skilríkja Auðkennis.

Auðkenni býður upp á margar gerðir stafrænna skilríkja og tengdra vara sem hægt er að nota á þann hátt sem svarar þörfum notenda fyrir örugg samskipti, hvort sem er í viðskiptalegum eða persónulegum tilgangi.

Auðkenni getur að eigin vild uppfært eða bætt við vörulista sinn, þ.á.m. þær gerðir skilríkja sem það gefur út. Birting eða uppfærsla lista Auðkennis yfir vörur félagsins skapar engum þriðja aðila nokkurs konar kröfur.

Útgefin, frestuð eða afturkölluð skilríki eru birt í skráasöfnum Auðkennis.

2.4.1 Persónuauðkenni og Starfsauðkenni.

Stafræn skilríki Auðkennis fyrir einstaklinga heita Persónuauðkenni og Starfsauðkenni. Hægt er að nota skilríkin til margskonar hluta, t.d. þegar vafrað er á Netinu, til að tryggja tölvupóst og samskipti innan fyrirtækja, við aðgangsstýringu að ýmis konar upplýsingum og til áskriftarþjónustu og viðskipta á Netinu. Auðkenni býður upp á þrjú öryggisstig í skilríkjum fyrir einstaklinga:

Kynningarskilríki (1. stig) - Skilríki þetta felur aðeins í sér ótvírátt tölvupóstfang, en engin sannprófun fer fram á auðkenni umsækjanda. Skilríki þessi eru ókeypis, eru aðeins ætluð til nota í kynningartilgangi og er gildistími þeirra takmarkaður við 1 mánuð.

Persónuauðkenni (2. stig) - Skilríki þetta veitir takmarkaða vissu fyrir auðkenni umsækjanda þar sem þess er krafist að hann leggi fram til sönnunar afrit af persónuskilríkjum eins og ökuskírteini eða vegabréfi. Skilríki þessi er hægt að nota til flestra almennra viðskipta þar sem fjárhæðir eru lágar og áhætta eða hagsmunir ekki miklir. Gildistími skilríkisins er takmarkaður við 1 ár.

Starfsauðkenni (2. stig) - Skilríki þetta veitir takmarkaða vissu fyrir auðkenni umsækjanda og stöðu hans innan fyrirtækis, félags eða stofnunar þar sem þess er krafist að hann leggi fram til sönnunar afrit af persónuskilríkjum eins og ökuskírteini eða vegabréfi. Skilríki þessi henta til flestra almennra viðskipta þar sem fjárhæðir eru lágar og áhætta eða hagsmunir ekki miklir. Gildistími skilríkisins er takmarkaður við 1 ár.

Persónuauðkenni (3. stig) - Skilríki þetta veitir meiri vissu fyrir auðkenni umsækjanda þar sem þess er krafist að hann komi í eigin persónu fram fyrir skráningaraðila (t.d. banka) og sanni auðkenni sitt. Skilríkið hentar vel til viðskipta þar sem fjárhæðir eru í hærra lagi eða áhætta og hagsmunir umtalsverðir. Gildistími skilríkisins er takmarkaður við 1 ár.

Starfsauðkenni (3. stig) - Skilríki þetta veitir meiri vissu fyrir auðkenni umsækjanda og stöðu hans innan fyrirtækis eða félags þar sem þess er krafist að hann komi í eigin persónu fram fyrir skráningaraðila (t.d. banki) og sanni auðkenni sitt. Skilríkið hentar vel til viðskipta þar sem fjárhæðir eru háar eða áhætta og hagsmunir umtalsverðir. Gildistími skilríkisins er takmarkaður við 1 ár.

2.4.2 Vefauðkenni.

Vefauðkenni er stafrænt skilríki fyrir vefmiðlara fyrirtækja og stofnana. Það færir sönnur á auðkenni tiltekins vefþjóns og staðfestir að heimasíða fyrirtækis eða stofnunar tilheyrir viðkomandi í raun. Samhliða gerir skilríkið örugg samskipti við viðskiptamenn og samstarfsaðila möguleg með SSL/TSL dulkóðun.

2.4.3 Vöruauðkenni.

Vöruauðkenni eru stafræn skilríki sem tryggja auðkenni þess aðila sem dreifir hugbúnaðarhlutum og heilleika búnaðarins þannig að notendur geta með öruggum hætti hlaðið slíkum búnaði inn í ke rfinu sín. Þessi örugga aðferð við að hlaða inn búnaði er gerð möguleg með notkun á Vöruauðkennum og Microsoft Authenticode eða Netscape Object Signing stöðlunum.

2.5 Samþykki hug- og vélbúnaðar.

Auðkenni samþykkir beint, eða í gegnum ráðgjafa sem hefur til þess heimild, allan hug- og vélbúnað sem fyrirtækið notar við að veita almenna vottunarþjónustu sína.

2.6 Viðbætur og nafnareglur.

2.6.1 Viðbætur við stafræn skilríki.

Auðkenni notar staðalinn X.509v3 (ISO/IEC 9594-8) við gerð stafrænna skilríkja fyrir vottunarþjónustu sína. Staðall þessi fjallar um hvernig stafræn skilríki eru upp byggð. Samkvæmt staðlinum getur vottunaraðili gert ákveðnar viðbætur við grunngerð skilríkis. Í almennri vottunarþjónustu sinni notar Auðkenni margs konar stjórnæki, í samræmi við tilgang X.509v3 samkvæmt breytingu 1 við ISO/IEC 9594-8 frá 1995.

2.6.2 Innleiðing með tilvísun fyrir viðbætur og aukna nafngift.

Aukin nafngift er það þegar viðbótarsvæðið "Organization Unit" í X.509v3 skilríki er notað. Viðbætur og auknar nafngiftir koma yfirleitt fram í heild sinni í skilríkinu sjálfu. Þær geta einnig komið að hluta fram í skilríkinu en hluti verið geymdur á öðrum stað og hann innleiddur í skilríkið með sérstakri tilvísun í því. Upplýsingar sem þannig eru gerðar að hluta skilríkisins eru gerðar aðgengilegar aðilum sem á þeim þurfa að halda.

Upplýsingar sem settar eru í "Organization Unit" svæðið koma einnig fram í viðbótarsvæðinu "Certificate Policy" sem gæti verið notað af Auðkenni.

2.7 Aðferð við framleiðslu einkalykla.

Auðkenni viðhefur áreiðanlegar aðferðir við framleiðslu einkalykla fyrir rætur sínar. Auðkenni skiptir upp og úthlutar leynilegum hlutum af einkalyklum sínum (e. secret sharing). Auðkenni er lagalegur eigandi og heldur á einkalyklum þeim sem fyrirtækið notar með leynilegri skiptingu. Auðkenni hefur heimild til að úthluta slíkum leynilegum hlutum til aðila sem veitt hefur verið viðeigandi leyfi til slíks.

2.7.1 Framleiðsla lykla.

Auðkenni framleiðir og verndar einkalykla sína með öruggum hætti, notar til þess áreiðanlegt kerfi og viðhefur nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að þeim sé stofnað í hættu (e. compromised) eða notaðir í óleyfi. Auðkenni framkvæmir og skjalfestir starfsaðferðir sínar við framleiðslu lykla sinna í samræmi við VF þessa. Auðkenni tekur mið af alþjóðlegum og Evrópskum stöðlum varðandi áreiðanleg kerfi og viðhefur

sína bestu viðleitni við að fylgja þeim fram að því marki sem heimilað er af búnaði.

2.7.2 Leynileg skipting.

Auðkenni notar leynilega skiptingu og marga aðila sem halda á leynilegum hlutum til að vernda og auka áreiðanleika einkalykla sinna og tryggja endurheimtu lykla (e. key recovery).

2.8 Snið skilríkja Auðkennis.

Snið stafræns skilríkis inniheldur tiltekin svæði, þ.á.m. eftirfarandi:

2.8.1 Viðbótarsvæðið "Key usage".

Viðbótarsvæðið "Key usage" skilgreinir mögulegan tilgang þess lykils sem er í skilríkinu. Hægt er að takmarka þau not sem heimilað er að nota lykil fyrir með því að merkja við tiltekin not. Mögulegur tilgangur sem skilgreindur er í X.509v3 skilríki er eftirfarandi:

- a) Stafræn undirritun – til að sannprófa stafrænar undirskriftir sem hafa annan tilgang en þann sem skilgreindur er í b), f) eða g), þ.e. til auðkenningar aðila og auðkenningu gagna og heilleika.
- b) Óhrekjanleiki – til að sannprófa stafrænar undirskriftir sem notaðar eru til að veita þjónustu vegna óhrekjanleika sem vernd gegn því að aðili er undirritar geti neitað þeim gerning (fyrir utan undirritun skilríkja eða afturköllunarlista eins of fram kemur í f) og g).
- c) Dulritun lykla – til að dulrita lykla eða aðrar öryggis upplýsingar, t.d. vegna flutnings lykla.
- d) Dulritun gagna – til að dulrita gögn notenda, en ekki lykla eða aðrar öryggisupplýsingar eins og í c) hér að ofan.
- e) Lykla samningar – til að nota sem dreifilykla samnings lykil.
- f) Undirritun skilríkja – til að sannprófa undirritun vottunaraðila á skilríki, er eingöngu notað í skilríkjum vottunaraðila.
- g) Undirritun afturköllunarlista – til að sannprófa undirritun vottunaraðila á afturköllunarlista.
- h) Dulritun eingöngu – Dreifilykla samnings lykill til að nota eingöngu við að dulritun gagna við notkun með lyklasamningum.
- i) Dulráðning eingöngu – Dreifilykla samnings lykill til að nota eingöngu við dulráðningu gagna við notkun með lyklasamningum.

2.8.2 Merking við úrslitaáhrif eða ekki "Criticality field".

Viðbótarsvæðið "Critical" inniheldur vísi sem vísar til þess hvort að merkingar í skilríkinu við önnur svæði hafi úrslitaáhrif (e. critical) eða ekki (non-critical). Ef viðbótarsvæðið er merkt þannig að það hafi úrslitaáhrif þá má eingöngu nota lykilinn í þeim tilgangi sem merkt er við. Ef lykillinn er notaður í öðrum tilgangi er verið að brjóta reglur og stefnu útgáfuaðilans. Ef viðbótarsvæðið er merkt sem að það hafi ekki úrslitaáhrif er það eingöngu þar til að hjálpa notkunarbúnaði til að finna rétta lykla fyrir ákveðna notkun.

2.8.3 Viðbótarsvæðið "Basic constraints".

Viðbótarsvæðið "Basic constraints" skilgreinir hvort að viðfangsefni (e. subject) skilríkis megi koma fram sem vottunaraðili eða eingöngu sem notandi (e. end-user). Ef viðfangsefnið má koma fram sem vottunaraðili, þá er skilríkið svokallað kross-skilríki og í slíkum tilvikum er hægt að skilgreina hámarks lengd sem er ásættanleg fyrir neðan það í keðju.

2.8.4 Viðbótarsvæðið "Certificate policy".

Viðbótarsvæðið "Certificate policy" er fyrir vottunarstefnu útgefanda sem er yfirlýsing útgefanda skilríkisins varðandi réttmæta notkun þess. "Policy identifier" er einstakt númer sem gerir kleift að auðkenni með einstökum hætti ákveðna stefnu, þ.á.m. vottunarstefnu.

3 Skipulag.

Þessi hluti lýsir skipulagslegum þáttum í starfsemi Auðkennis.

3.1 Uppbygging Auðkennis

Auðkenni kappkostar að viðhalda áreiðanlegu skipulagi, tæknilegri stöðu, starfsreglum og starfsháttum.

3.2 Samkvæmni við VF þessa.

Þegar Auðkenni veitir þjónustu sína starfar það í samræmi við VF þessa og aðrar skyldur sem fyrirtækið tekur á sig með samhliða samningum.

3.3 Lok vottunarþjónustu.

Ef vottunarþjónusta Auðkennis hættir af hvaða ástæðu sem er, tilkynnir Auðkenni það tímanlega, yfirfærir nauðsynlegar skyldur til annarra aðila, viðheldur gögnum og veitir almenna aðstoð. Áður en fyrirtækið hættir vottunarstarfseminni er eftirfarandi gert:

Áskrifendum er útvegað gilt skilríki með 90 daga viðvörðun og fyrirvara um ætlun fyrirtækisins að hætta að starfa sem vottunaraðili.

Öll skilríki sem ekki er útrunnin eða hafa verið afturkölluð eru afturkölluð þegar 90 daga fyrirvarinn er runninn út án þess að leitað sé samþykkis áskrifenda.

Allir áskrifendur fá tímanlega tilkynning um afturköllunina.

Gerðar eru eðlilegar ráðstafanir til að geyma gögn í samræmi við VF þessa.

Áskilinn er réttur til að framselja til og gera ráðstafanir fyrir aðila sem gæti tekið við og endurútfærið skilríkin að því gefnu að sá aðili sem tekur við hafi öll viðeigandi leyfi, fylgi öllum nauðsynlegum reglum og starfsemi hans sé a.m.k. eins örugg og Auðkennis.

Heimilt er að víkja frá kröfum þessarar greinar með samningi að því marki að slíkar breytingar hafi eingöngu áhrif á aðila samningsins.

3.4 Form gagna.

Auðkenni geymir gögn á rafrænu eða pappírs formi. Auðkenni getur krafðið skráningaraðila sína og fulltrúa þeirra um að leggja fram og afhenda gögn í samræmi við þetta skilyrði.

3.5 Geymslutími gagna.

Auðkenni geymir með áreiðanlegum hætti gögn yfir stafræn skilríki Auðkennis og skjöl sem þeim tengjast ekki skemur en í 10 ár. Geymslutíminn hefst á þeim tímapunkti sem að skilríkið fellur úr gildi eða er afturkallað. Heimilt er að geyma slík gögn í rafrænu, pappírs eða hverju öðru formi sem Auðkenni ákveður.

3.6 Skráning megináðgerða.

Auðkenni viðheldur með áreiðanlegum hætti skrá m yfir eftirtaldar aðgerðir:

Framleiðslu lykla.

Umsjón lykla.

Jaðarstjórnun (Perimeter controls).

3.7 Endurskoðun vegna megináðgerða.

Auðkenni heimilar endurskoðun á skipulagi sínu og stoðkerfi samkvæmt eigin ákvörðun eða reglum. Auðkenni er ekki skylt að fallast á eða samþykkja efni, niðurstöður eða tillögur slíkra skýrsla og er heimilt að fara yfir þær í þeim tilgangi að vernda vottunarþjónustu sína. Ekki er hægt að draga Auðkenni til ábyrgðar vegna tjóns sem verður vegna þess að Auðkenni treystir á slíkar skýrslur eða fylgir ekki niðurstöðum þeirra.

3.8 Neyðaráætlun.

Til að viðhalda áreiðanleika þjónustu sinnar útfærir Auðkenni sérstaka neyðaráætlun sem er skjalfest og prófuð reglulega. Áætlunin er endurskoðuð og uppfærð eftir því sem nauðsynlegt er, að lágmarki einu sinni á ári.

3.9 Aðgengileiki skilríkja Auðkennis.

Auðkenni getur gert aðgengileg aðilum afrit af skilríkjum þar sem Auðkenni er viðfangsefnið auk viðeigandi afturköllunarupplýsinga til að sannprófa undirskrift sem er sannprófanlega með vísun til stafræns skilríkis.

3.10 Birting upplýsinga um útgefin skilríki.

Auðkenni birtir öll skilríki sem gefin eru út til almennings, allar afturköllunarupplýsingar og upplýsingar um gildistíma þeirra og VF þessa.

3.11 Trúnaðarupplýsingar.

Auðkenni fylgir viðeigandi lögum og reglum um vernd persónuupplýsinga. Auðkenni meðhöndlar m.a. eftirfarandi gögn sem trúnaðarupplýsingar í samræmi við lög:

Áskrifendasamninga.

Umsóknargögn.

Færslugögn.

Ytri og innri endurskoðunarskýrslur.

Neyðaráætlun.

Innri skýrslur og skjöl varðandi rekstur stoðkerfis Auðkennis, umsjón skilríkja og skráningarþjónustu.

Auðkenniafhendirekkiogerekkiskyltaðafhendaneinar trúnaðarupplýsingar án þess að fram komi réttmæt, nægilega afmörkuð beiðni frá þar til bærum aðila þar sem tilgreint er:

Hver aðillinn sé sem trúnaðarupplýsingarnar varða.

Hver það sé sem óski upplýsinganna.

Hvort dómsúrskurður liggja fyrir um afhendingu upplýsinganna.

Auðkenni er heimilt að innheimta sérstakt gjald vegna afhendingu slíkra gagna.

3.12 Öruggr aðstaða.

Raunlægur aðgangur að öruggri aðstöðu Auðkennis er takmarkaður við aðila sem hafa til þess viðeigandi leyfi. Aðstaða til útgáfu skilríkja er vernduð gegn umhverfshættum. Tap, skemmdir á eignum eða það að þeim sé stofnað í hættu og truflun á starfsemi er greind og reynt er með eðlilegum (e. reasonable) hætti að koma í veg fyrir slíkt. Þjófnaður á upplýsingum eða það að þeim sé stofnað í hættu er greindur og reynt er með eðlilegum hætti að koma í veg fyrir slíkt.

3.13 Stjórnunar- og starfshættir.

Auðkenni fylgir, í samræmi við VF þessa, stjórnunar og starfsháttum sem veita eðlilega vissu um trúverðugleika og hæfni starfsfólks og fullnægjandi frammistöðu þeirra.

3.13.1 Trúnaðarskylda starfsfólks.

Allt starfsfólk Auðkennis sem gegnir trúnaðarstörfum, meðhöndla allar upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar. Sérstaklega er tekið fram að starfsmenn skráningaraðila fylgja lögum og reglum um meðferð og skráningu persónuupplýsinga.

3.14 Almenn birting upplýsinga.

Vottunarþjónusta Auðkennist og skjalasafn er aðgengileg með eftirfarandi hætti:

Á Netinu: www.audkenni.is/skjalasafn

Tölvupósti: legal@audkenni.is

Pósti: Auðkenni hf.

Lögfræðisvið

Síðumúla 35, 108 Reykjavík

4 Starfsaðferðir og starfshættir.

Þessi hluti lýsir starfsaðferðum og starfsháttum vottunarþjónustu Auðkennis.

4.1 Umsóknarskilyrði vegna skilríkja.

Fyrir eða við umsókn um stafrænt skilríki frá Auðkenni verða umsækjendur (áskrifendur) að fylgja eftirfarandi þrepum:

Framleiða lykklapar og sanna fyrir Auðkenni að það sé lykklapar þar sem einkalykillinn svari til dreifilykilsins.

Vernda heilleika einkalykilsins úr lykklaparínu sem var framleitt.

Sendainnumsóknnumskilríkiogsamþykkja
áskrifandasamnings Auðkennis og VF þessarar.

skilmála

Senda inn dreifilykilinn úr lykklaparínu sem var framleitt.

Sanna auðkenni sitt í samræmi við staðla og starfsreglur Auðkennis eða annarra aðila sem Auðkenni hefur viðurkennt.

4.1.1 Notkun fulltrúa.

Hvort áskrifendur skuli framkvæma umsókn um stafrænt skilríki frá Auðkenni í eigin persónu eða hvort heimilt sé að nota fulltrúa ræðst af gerð skilríkisins.

4.1.2 Framleiðsla lykla.

Áskrifendur eru að fullu og einir ábyrgir fyrir því að framleiða með öruggum hætti eigin einkalykla og nota til þess áreiðanleg kerfi í samræmi við kröfur viðkomandi vöru eða notkunarbúnaðar.

4.1.3 Vernd lykla.

Áskrifendur er að fullu og einir ábyrgir fyrir því að viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að einkalykli þeirra sé stofnað í hættu, honum týnt, hann afhjúpaður, honum breytt eða hann notaður með öðrum óheimilum hætti.

4.1.4 Notkun öruggs búnaðar og vara.

Nema annað komi fram í VF þessari þá skulu áskrifendur nota öruggan búnað og vörur til að vernda einkalykla sína.

4.1.5 Framsal skyldna vegna einkalykla.

Áskrifendur eru að fullu og einir ábyrgir fyrir athafnir og athafnaleyssi aðila eða fulltrúa sem þeir nota til að framleiða, varðveita, hafa í vörslu eða eyða einkalyklum sínum.

4.2 Auðkenning áskrifenda.

Áður en stafrænt skilríki er gefið út, stjórnar Auðkenni því að vissar starfsaðferðir séu viðhafðar við að staðfesta auðkenni umsækjenda. Það er hlutverk skráningaraðila Auðkennis að framkvæma þessi störf. Það er einnig hlutverk skráningaraðila Auðkennis að hafa eftirlit með því að farið sé eftir þessum starfsreglum í samræmi við leiðbeiningar sem Auðkenni birtir og skylt er að fylgja.

4.3 Upplýsingar til sannprófunar umsóknar um skilríki.

Umsóknir um stafræn skilríki Auðkennis eru studdar af viðeigandi skjölum til að staðfesta auðkenni umsækjenda samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru vegna gerðar þess skilríkis sem sótt er um.

Auðkenni getur breytt þessum kröfum frá einum tíma til annars vegna þarfa fyrirtækisins sjálfs, viðskiptalegum kröfum vegna notkunar skilríkisins eða ákvæða í lögum.

Í tengslum við umsóknir fyrirtækja, félaga og stofnana skulu slík skjöl m.a. innihalda þætti eins og eftirfarandi.

4.3.1 Upplýsingar til sannprófunar fyrir einstaklinga.

Nauðsynlegar upplýsingar fyrir skilríki frá Auðkenni sem gefið er út til einstaklinga geta innifalið eftirfarandi þætti:

Nafn umsækjanda.

Nafn og yfirlýsing lögbærs fulltrúar (ef það á við).

Kennitala.

Deild fyrirtækis (ef það á við).

Netfang.

Heimilisfang.

Greiðsluupplýsingar.

Skráningareyðublað sem hefur verið fyllt út á réttan hátt.

Undirritaður áskrifandasamningur.

4.3.2 Upplýsingar til sannprófunar fyrir fyrirtæki, félög og stofnanir.

Nauðsynlegar upplýsingar fyrir skilríki frá Auðkenni sem gefið er út til lagalegra persóna geta innifalið eftirfarandi þætti:

Nafn umsækjanda.

Nafn aðila sem er lögbær til að sækja um og heimildarbréf.

Veffang.

IP tala.

Lagalegt nafn fyrirtækis.

Deild fyrirtækis.

Heimilisfang.

Upplýsingar um tengiliði vegna tæknimála, vegna greiðslu og upplýsingar um lögbæran aðila.

Kennitala félags.

Hugbúnaður miðlara.

Greiðsluupplýsingar.

Sönnun heimildar til að nota tiltekið nafn.

Sönnun á tilvist og stöðu fyrirtækis, félags eða stofnunar eins og t.d. staðfesting frá fyrirtækjaskrá eða opinbert bréf frá lögbærum fulltrúa.

Skráningareyðublað sem hefur verið fyllt út á réttan hátt.

Undirritaður áskrifandasamningur.

4.4 Skilyrði staðfestingar umsókna um skilríki.

Eftir móttöku umsóknar um stafrænt skilríki og nauðsynlegra fylgigagna staðfestir Auðkenni eftirfarandi:

Að umsækjandi sé sami aðili og tilgreindur er í umsókninni um skilríkið.

Að umsækjandi haldi á einkalyklinum sem svarar til dreiflykilsins sem á að vera innifalinn í skilríkinu.

Að upplýsingarnar sem á að birta í skilríkinu séu réttar, fyrir utan þær upplýsingar um áskrifanda sem eru ekki sannprófaðar.

Að fulltrúar sem sækja um skilríki fyrir dreifilykil annars aðila hafi heimild til slíks.

Auðkenni hefur aðeins stjórn á nákvæmni þeirra upplýsinga sem eru birtar í skilríki og komu frá áskrifanda á þeim tímapunkti sem skilríkið er gefið út. Eftir þann tíma getur Auðkenni ekki haft stjórn á slíkum upplýsingum.

Í öllum tilvikum og fyrir allar gerðir skilríkja Auðkennis hefur áskrifandinn en ekki Auðkenni viðvarandi skyldu og ábyrgð til að fylgjast með því hvort að upplýsingarnar séu réttar og tilkynna ef svo er ekki, t.d. ef upplýsingar breytast.

4.4.1 Persónuleg viðurvist.

Til að koma á tengingu milli umsækjanda og dreifilykils hans krefst Auðkenni þess fyrir vissar gerðir skilríka að umsækjandinn komi í eigin persónu fram fyrir skráningaraðila. Auðkenni áskilur sér rétt til að breyta slíkum skráningarskilyrðum eftir því sem það telur viðeigandi eða fram kemur í lögum.

4.4.2 Staðfesting þriðja aðila á upplýsingum um fyrirtæki.

Auðkenni getur gert þá kröfu að þriðji aðili staðfesti upplýsingar um fyrirtæki, félag eða stofnanir sem sækja um stafrænt skilríki. Auðkenni tekur mið af upplýsingum frá aðilum eins og opinberum aðilum, gagnaböndum þriðju aðila og verslunarráðum. Auðkenni getur tekið mið af upplýsingum frá öðru aðilum með hliðsjón af þeim upplýsingum sem eru aðgengilegar um tiltekna viðskiptagrein.

Tilteknir aðilar eins og bankar og fjármálastofnanir geta þurft að veita sönnun fyrir starfsemi sinni áður en stafrænt skilríki er gefið út til þeirra í þeim tilgangi að starfrækja bankastarfsemi eða annars konar leyfisskylda starfsemi.

Auðkenni hefur heimild að beita hvers konar aðferðum til að staðfesta auðkenni lagalegra persóna.

4.4.3 Staðfesting veffanga og úthlutun raðnúmera.

Auðkenni eitt hefur rétt til að úthluta svokölluðum "Relative Distinguished Names – RDNs" sem eru nöfn er tengjast áskrifanda skilríkis og raðnúmerum

sem koma fram í skilríkjum Auðkennis. Auðkenni hefur heimild til að nota veffangabjónustu til að sjá um úthlutun RDN.

4.5 Tími til staðfestingar.

Auðkenni viðhefur eðlilega fyrirhöfn við að sannprófa upplýsingar umsóknum um skilríki og til að gefa út skilríki eins fljótt og mögulegt er.

í

4.6 Samþykki eða höfnun umsókna um skilríki.

Eftir að jákvæðri sannprófun allra nauðsynlegra upplýsinga og atriða er varða umsókn er lokið samþykkir Auðkenni umsókn um skilríki.

Ef sannprófun er neikvæð þá hafnar Auðkenni umsókn um skilríki. Auðkenni tilkynnir umsækjanda án tafar um slíka höfnun og gerir grein fyrir ástæðum hennar að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum.

Auðkenni áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um útgáfu skilríkja til umsækjenda ef að útgáfa til slíks aðila gæti flekkað, skemmt eða minnkað gildi nafns Auðkennis. Auðkenni áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um útgáfu skilríkja til aðila að eigin mati án þess að baka sér ábyrgð vegna hvers konar tjóns eða kostnaðar sem hlotist getur af slíkri höfnun.

Umsækjendur sem fengið hafa höfnun á umsókn sína geta sótt aftur um skilríki.

4.7 Útgáfa skilríkis og samþykki áskrifanda fyrir útgáfu.

Auðkenni gefur út stafrænt skilríki eftir að skilríkisumsókn hefur verið samþykkt. Skilríki telst gilt frá þeim tíma sem áskrifandi samþykkir það. Með því að gefa skilríki út telst Auðkenni hafa samþykkt umsókn um skilríki.

Auðkenni gefur út skilríki á grundvelli samþykkis umsækjanda. Umsækjandi tjáir samþykki sitt fyrir útgáfu skilríkis með því að senda inn umsókn þrátt fyrir þá staðreynd að hann hafi ekki samþykkt skilríkið enn.

4.8 Upphaf gildistíma skilríkis.

Skilríki verður gilt þegar Auðkenni hefur gefið það út og áskrifandi samþykkt það.

4.9 Samþykki áskrifanda á skilríki.

Áskrifandi telst hafa samþykkt skilríki þegar:

- a) Hann hefur tjáð samþykkt sitt til Auðkennis.
- b) Hann notar skilríkið.
- c) 15 dagar hafa liðið frá útgáfu skilríkisins.

4.10 Birting útgefina skilríkja.

Eftir að áskrifandi hefur samþykkt skilríki birtir Auðkenni afrit af því í gagnasafni sínu. Auðkenni hefur heimild til að birta skilríki í gagnasöfnum

annarra aðila. Þrátt fyrir að Auðkenni birti skilríki í gagnasöfnum annarra aðila, ber Auðkenni enga ábyrgð á gildi, heilleika eða tiltækileika slíkra skráasafna. Áskrifendur hafa heimild til að birta sín eigin skilríki í öðrum gagnasöfnum.

4.11 Sannprófun stafrænna undirskrifa.

Sannprófun stafrænnar undirskriftar stefnir að því að ganga úr skugga um:

Að undirskriftin hafi verið gerð með einkalyklinum sem svarar til dreifilykilsins sem skráður er í skilríki undirritandans.

Að þeim boðum sem fylgja með hafi ekki verið breytt síðan undirritunin var búin til.

4.12 Að reiða sig á stafræna undirskrift.

Lokaákvörðun um það hvort að reitt skuli á sannprófaða stafræna undirskrift er algerlega á ábyrgð sannprófanda. Hægt er að reiða sig á stafræna undirskrift ef:

Undirskriftin var gerð á gildistíma gilds skilríkis og hægt er að sannprófa hana með vísan til sannprófaðs skilríkis.

Það var eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum öllum að reiða sig á það (e. reasonable reliance).

4.13 Frestun og afturköllun skilríkja.

Frestun (e. suspension) skilríkis felur í sér að skilríkið er gert tímabundið óvirkt. Afturköllun (e. revocation) skilríkis er óafturkræf aðgerð og felur í sér að gildistíma skilríkis er endanlega lokið frá og með tilteknum tíma. Auðkenni frestar eða afturkallar skilríki ef:

Einkalykli viðfangsefnis (e. subject) skilríkisins hefur verið týnt, honum stolið, honum breytt, hann afhjúpaður eða honum stofnað í hættu með öðrum hætti.

Viðfangsefni skilríkisins hefur brotið efnislegar samkvæmt VF þessari eða áskrifandasamningnum. skyldur sínar

Framkvæmd skyldna aðila samkvæmt VF þessari, er frestað eða komið er í veg fyrir þær, vegna náttúrhamfara, tölvu- eða samskiptabilana eða annarra orsaka sem eru ekki með eðlilegum hætti undir stjórn aðilans og afleiðing þessa eru að efnisleg ógn stafar að upplýsingum annars aðila.

Breyting hefur orðið á upplýsingunum sem koma fram í skilríki um viðfangsefni þess.

4.13.1 Beiðni um frestun eða afturköllun.

Áskrifandi eða annar aðili sem hefur til þess viðeigandi heimild getur óskað eftir frestun eða afturköllun skilríkis. Frestun eða afturköllun er hægt að framkvæma á vef Auðkennis, með bréfi, tölvupósti eða síma. Auðkenni þess aðila sem óskar eftir afturköllun er sannprófað með viðeigandi hætti.

4.13.2 Áhrif frestunar eða afturköllunar.

Á meðan frestun varir og eftir afturköllun skilríkis, skal gildistíma þess skilríkis þegar í stað talið lokið.

4.13.3 Endurnýjun.

Gildistími skilríkja Auðkennis kemur fram í viðeigandi svæði í stafrænu skilríki og er almennt eitt ár (365 dagar) frá útgáfudegi. Auðkenni býður áskrifendum sínum upp á þann möguleika að endurnýja skilríki sín. Um endurnýjuð skilríki gilda þær reglur, réttindi og skyldur sem gilda á þeim tíma endurnýjunin fer fram. Endurnýjun er aðeins heimil ef upplýsingar í skilríkinu eru réttar og í samræmi við upphaflega umsókn.

Áskrifandi verður öllum stundum að stjórna áreiðanleika, nákvæmni og heilleika þeirra upplýsinga sem birtar eru í endurnýjuðu skilríki. Beiðni um endurnýjun verður að hafa borist Auðkenni að lágmarki 10 dögum áður en skilríki rennur út.

4.14 Tilkynning áður en skilríki rennur út.

Til að viðhalda möguleikum áskrifenda til að nota stafræn skilríki, viðhefur Auðkenni eðlilega fyrirhöfn við að senda á tölvupósti, u.þ.b. mánuði áður en skilríki rennur út, tilkynningu til áskrifenda sinna um að skilríkið sé við það að renna út.

5 Lagaleg skilyrði útgáfu.

Í þessum hluta er farið yfir lagalegar yfirlýsingar, ábyrgðir og takmarkanir tengdar stafrænum skilríkjum Auðkennis.

5.1 Yfirlýsingar Auðkennis.

Auðkenni lýsir tilteknum hlutum yfir gagnvart áskrifendum og aðilum sem reiða sig á skilríki varðandi almenna vottunarþjónustu sína. Auðkenni áskilur sér rétt til að breyta slíkum yfirlýsingum samkvæmt eigin ákvörðun eða ef þess er krafist samkvæmt lögum.

5.2 Upplýsingar sem eru innleiddar í stafrænt skilríki með tilvísun.

Auðkenni innleiðir með tilvísun eftirfarandi upplýsingar inn í öll skilríki sem það gefur út:

Ákvæði og skilmála VF þessarar.

Allar aðrar viðeigandi vottunarstefnur sem vísað er til í skilríki.

Skyldubundna þætti staðalsins X.509v3.

Alla óskildubundina en sérsniðna þætti staðalsins X.509v3.

Efni viðbóta og aukinna nafngifta sem koma ekki að fullu fram í skilríki.

Hverjar aðrar þær upplýsingar sem gefið er í skyn í svæði skilríkis að séu innleiddar.

5.3 Vísar til að innleiða með tilvísun.

Auðkenni notar tölvu- og textabyggða vísa til þess að innleiða upplýsingar með tilvísun. Auðkenni getur notað URL (Universal Resource Locators), OID (Object Identifiers) eða hverja aðra þá aðferð sem er möguleg til að innleiða upplýsingar með tilvísun.

5.4 Birting ábyrgðartakmarkana og höfnun ábyrgðar.

Skilríki Auðkennis geta innihaldið stuttar yfirlýsingar þar sem lýst er takmörkunum og höfnunum á ábyrgð, takmörkunum á gildissviði eða fjárhæð viðskipta sem nota má skilríkið til og gildistíma. Einnig geta slíkar upplýsingar verið birtar í formi vefslóða (e. hyperlink). Til að koma slíkum upplýsingum á framfæri getur Auðkenni notað:

Svæðið "Organizational Unit"

Staðlaða tilvísun til vottunarstefnu (e. standard resource qualifier).

Eigin skráðar viðbætur eða annarra.

5.5 Birting upplýsinga í skilríki.

Auðkenni áskilur sér rétt og áskrifandi samþykkir að skilríki og tengdar upplýsingar séu birtar í hvaða aðgengilega gagnasafni sem er, þ.á.m. LDAP (Light Directory Application Protocol) skráasöfnum, í formi afturköllunarlista,

á grundvelli OSCP (Online Certificate Status Protocol) eða á hverju öðru formi sem mögulegt er á grundvelli tæknilegra þátta á hverjum tíma.

Auðkenni hefur umsjón með skráasöfnum um útgefin skilríki í þeim tilgangi að auka traust í þjónustu sinni. Notendur, áskrifendur og aðilar sem reiða sig á skilríki eru sérstaklega hvattir til að fletta alltaf upp í skráasöfnum yfir útgefin og afturkölluð skilríki áður en treyst er á upplýsingar í skilríki.

5.6 Skylda til að fylgjast með nákvæmni veittra upplýsinga.

Í öllum tilvikum og fyrir allar gerðir skilríkja er það ábyrgð og skylda áskrifanda en ekki Auðkennis að fylgjast stöðugt með nákvæmni þeirra upplýsinga sem veittar hafa verið og tilkynna Auðkenni um allar breytingar sem verða.

5.7 Birting upplýsinga.

Nauðsynlegar upplýsingar sem birtar hafa verið geta verið uppfærðar frá einum tíma til annars í samræmi við VF þessa. Slíkar uppfærslur og nýjar útgáfur skulu sérgreindar með sérstöku útgáfunúmeri og dagsetningu.

5.8 Afskipti af vottunarkerfi Auðkennis.

Áskrifendur, aðilar sem reiða sig á skilríki og aðrir skulu ekki vakta, fikta við eða brjóta upp tæknilega þætti í vottunarkerfi Auðkennis, þ.á m. framleiðslu lykla, vefsíður og gagnasöfn Auðkennis nema það sé sérstaklega heimilað samkvæmt VF þessari eða með sérstöku leyfi Auðkennis.

5.9 Staðlar.

Auðkenni gerir ráð fyrir að hugbúnaður notenda sem sagður er vinna með X.509v3 og öðrum viðeigandi stöðlum framfylgi þeim kröfum sem gerðar eru í VF þessari. Auðkenni getur ekki ábyrgst að slíkur notendabúnaður muni styðja við og framfylgja kröfum Auðkennis og ráðleggur notendum að leita sér ráðgjafar hvað það varðar.

5.10 Takmarkanir samstarfsaðila Auðkennis.

Samstarfsaðilar Auðkennis skulu ekki framkvæma neitt það sem gæti stofnað í hættu, valdið efa um eða minnkað traust á vörum og þjónustu Auðkennis. Samstarfsaðilar Auðkennis skuluekkileitasamstarfsviðaðra rótarvottunaraðila eða nota starfsreglur sem koma frá slíkum aðilum.

5.11 Takmarkanir Auðkennis á ábyrgð vegna samstarfsaðila.

Þar sem vottunarkerfi Auðkennis getur innifalið skráningaraðila sem starfa samkvæmt starfsreglum og starfsháttum Auðkennis, þá ábyrgist Auðkenni heilleika þeirra skilríkja sem gefin eru út undir eigin rót í samræmi við þá skilmála og takmarkanir sem koma fram í VF þessari og tryggingarstefnu Auðkennis.

5.12 Leynilegir hlutar.

Auðkenni notar leynilega hluta til að vernda einkalykla sína.

5.13 Val á dulmálsaðferðum.

Aðilar, þ.á m. áskrifendur og aðilar sem reiða sig á skilríki, viðurkenna að þeir eru einir eru ábyrgir fyrir og taka sjálfstæðar ákvarðanir í tengslum við val á öryggis hug- og vélbúnaði og dulritunar/undirritunar algrímum, þ.á m. viðeigandi kennistærðum, starfsháttum, tækni- og dreifilyklalausnum vegna öryggisþarfa sinna.

5.14 Að reiða sig á ósannprófaða stafræna undirskrift.

Aðilar sem reiða sig á stafrænt skilríki verða alltaf að sannprófa stafræna undirskrift með því að athuga gildi stafræns skilríkis gagnvart atfurlingalista eða annars aðgengilegs skráasafns sem Auðkenni birtir.

Athygli aðila sem reiða sig á skilríki er vakin á því að stafræn undirskrift sem hefur ekki verið sannprófuð getur ekki talist sem undirskrift áskrifanda.

Að reiða sig á ósannprófaða stafræna undirskrift getur leitt til hættu á því að aðilinn sem reiðir sig á skilríkið axli alla ábyrgð en ekki Auðkenni.

Með VF þessari hefur Auðkenni með fullnægjandi hætti upplýst aðila sem reiða sig á skilríki um notkun og staðfestingu stafrænna undirskrifa samkvæmt henni og öðrum upplýsingum sem birtar eru í almennu gagnasafni Auðkennis.

5.15 Útgefin en ósamþykkt skilríki.

Umsækjandi um skilríki sem sendir umsókn til Auðkennis sem hafnað er af hvaða ástæðu sem er má aldrei búa til stafræna undirskrift með einkalyklinum sem svarar til dreifilykilsins í skilríki ef hún er gerð í þeim tilgangi að aðili reiði sig á slíkt skilríki.

5.16 Höfnun á útgáfu skilríkis.

Auðkenni áskilur sér rétt til að hafna því, samkvæmt eigin ákvörðun, að gefa út skilríki til hvaða aðila sem er, án þess að skapa sér ábyrgð eða bótaskyldu vegna hvers konar tjóns eða kostnaðar sem hlotist getur af slíkri höfnun.

5.17 Skyldur áskrifanda.

Nema annað komi fram í VF þessari, skulu áskrifendur eingöngu, en ekki Auðkenni vera ábyrgir fyrir:

Að hafa yfir að búa þekkingu og óska eftir þjálfun (ef það er nauðsynlegt) á því að nota stafræn skilríki og dreifilyklakerfi.

Að framleiða sjálfir lyklaparið sitt og nota til þess áreiðanlegt kerfi.

Að tryggja að dreifilykillinn sem þeir senda til Auðkennis svari til einkalykilsins sem á að nota.

Að tryggja að dreifilykillinn sem sendur er til Auðkennis sé sá rétti.

Að veita nákvæmar og réttar upplýsingar í samskiptum sínum við Auðkenni.

Að sækja á nýjan leik um skilríki á þeim tíma sem endurnýjunar er þörf ef einhverjar upplýsingar sem upphaflega voru veittar Auðkenni hafa breyst.

Að framleiða nýtt öruggt lykklapar til að nota í tengslum við skilríkið sem sótt er um frá Auðkenni.

Að lesa, skilja og samþykkja öll skilyrði og skilmála VF þessarar og tengdum skilmálum og stefnum sem birtar eru í gagnasafni Auðkennis.

Að eiga ekki við (e. tampering) stafræn skilríki frá Auðkenni.

Að nota stafræn skilríki frá Auðkenni eingöngu í lögmætum og heimilum tilgangi í samræmi við VF þessa.

Að tilkynna Auðkenni eða skráningaraðila Auðkennis um hvers konar breytingar sem verða á veittum upplýsingum.

Að hætta að nota skilríki frá Auðkenni ef einhverjar upplýsingar í því verða misleiðandi, rangar eða ógildar.

Að hætta að nota skilríki frá Auðkenni ef skilríkið er runnið út og fjarlægja það úr hvers konar búnaði/tækjum sem það hefur verið sett upp í.

Að ekki nota einkalykilinn sem svarar til dreifilykilsins í skilríki frá Auðkenni í eigin nafni til að gefa út önnur skilríki.

Að nota skilríki frá Auðkenni eingöngu eftir því sem getur talist eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum.

Að grípa til viðeigandi ráðstafana og koma í veg fyrir að einkalyklinum, sem svarar til dreifilykilsins í skilríki frá Auðkenni, sé stofnað í hættu, honum týnt, hann afhjúpaður, honum breytt eða hann sé notaður á annan hátt með óheimilum hætt.

Að nota áreiðanlegan búnað og vörur sem veita fullnægjandi vernd fyrir einkalykla þeirra.

Að óska eftir frestun eða afturköllun skilríkis ef eitthvað kemur upp sem getur haft áhrif á nákvæmni eða heilleika skilríkis frá Auðkenni.

Athöfnum og athafnaleysi þeirra samstarfsaðila eða fulltrúa sem þeir nota til að framleiða, varðveita, geyma eða eyða einkalyklum þeirra.

Að senda ekki til Auðkennis eða skráasafna Auðkennis neins konar efni sem inniheldur yfirlýsingar sem eru ærumeiðandi, niðrandi, ruddalegar, klámfengnar, hrottafengnar, hleypidómafullar, hatursfullar, mógandi gagnvart kynþætti, tala um fyrir ólöglegum athöfnum eða fjalla um slíkar athafnir í þeim tilgangi að framkvæma þær eða geta á annan hátt brotið gegn lögum.

5.18 Yfirlýsingar áskrifenda við samþykkt.

Með því að samþykkja skilríki lýsir áskrifandi því yfir gagnvart Auðkenni og aðilum sem reiða sig á skilríki að við samþykktina og þar til annað er tilkynnt:

Að stafrænar undirskriftir sem gerðar eru með einkalyklinum sem svarar til dreifilykilsins í skilríkinu séu stafrænar undirskriftir áskrifanda og jafngildi handritaðri undirskrift hans og að skilríkið hafi verið samþykkt og hafi verið í gildi þegar undirskriftin var gerð.

Að enginn óviðkomandi aðili hafi nokkurn tímann fengið aðgang að einkalykli áskrifanda.

Að allar yfirlýsingar áskrifanda gagnvart Auðkenni varðandi upplýsingar sem koma fram í skilríki séu nákvæmar og réttar.

Að allar upplýsingar sem koma fram í skilríki séu nákvæmar og réttar samkvæmt bestu vitund áskrifanda og að áskrifandi skuli tilkynna Auðkenni um hvers konar ónákvæmni í slíkum upplýsingum.

Að skilríkið sé eingöngu notað í lögmætum og heimilum tilgangi og í samræmi við VF þessa.

Að nota skilríki frá Auðkenni eingöngu í tengslum við lögaðilann sem skráður er í skilríkinu, ef slíkur aðili er skráður.

Að halda yfirráðum yfir einkalyklum sínum, nota áreiðanleg kerfi og grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að honum sé stofnað í hættu, honum sé týnt, hann afhjúpaður, honum breytt eða hann notaður með óheimilum hætti.

Að áskrifandinn sé endanotandi en ekki vottunaraðili og muni ekki nota einkalykilinn sem svarar til dreifilykilsins sem skráður er skilríkinu í þeim tilgangi að undirrita önnur skilríki (eða annað form af vottuðum dreifilykli) eða afturköllunarlista, sem vottunaraðili eða á annan hátt, nema það sé sérstaklega samþykkt milli áskrifanda og Auðkennis.

Að áskrifandi samþykki skilyrði og skilmála VF þessarar og annarra samninga, skilmála og stefnuyfirlýsinga Auðkennis.

Að áskrifandi fari eftir þeim lögum sem gilda, þ.á m. þeim sem varða vernd hugverka- og auðkennaréttinda, vernd persónuupplýsinga, tölvuvírusa, aðgang að tölvukerfum o.s.frv.

Að áskrifandi fari eftir öllum viðeigandi útflutningslögum og reglum fyrir tvíþættar notkunarvörur.

5.19 Skaðleysi og skaðabætur frá áskrifanda.

Með því að samþykkja skilríki, samþykkir áskrifandinn að bæta Auðkennifyriroghalda Auðkenni, fulltrúum þess og samstarfsaðilum, skaðlausum vegna hvers konar athafna eða athafnaleysis sem leiðir til ábyrgðar, taps, tjóns eða kostnaðar, þ.á m. kostnaðar vegna málaferla og eðlilegum lögmannskostnaði, sem Auðkenni eða ofangreindir aðilar geta orðið fyrir, vegna notkunar eða birtingar á skilríki og orsakast:

Af fölskum eða röngum upplýsingum sem áskrifandi eða fulltrúi hans hefur veitt.

Af misbrest af hálfu áskrifanda á því að upplýsa um efnislega staðreynd, ef rangfærslan eða yfirsjónin var gerð af gáleysi eða í þeim tilgangi að blekkja vottunaraðilann, Auðkenni, eða aðila sem móttækur eða treystir á skilríkið.

Af misbrest áskrifanda á því að vernda einkalykilinn sinn, að nota áreiðanleg kerfi eins og krafist er eða grípa til varúðarráðstafana sem nauðsynlegar eru til að hindra að einkalyklinum verði stofnað í hættu, týnt, breytt, hann afhjúpaður eða notaður með óheimilum hætti.

Af brotum áskrifanda á lögum eða reglum, þ.á m. þeirra er varða vernd hugverka- og auðkennaréttinda, vírusa, aðgang að tölvukerfum o.s.frv.

5.20 Skyldur skráningaraðila Auðkennis.

Skráningaraðilum í vottunarkerfi Auðkennis ber skylda til að:

Móttaka umsóknir um skilríki Auðkennis í samræmi við VF þessa.

Framkvæma alla sannprófun umsókna í samræmi við starfsreglur Auðkennis og VF þessa.

Móttaka, sannprófa og framsenda til Auðkennis allar beiðnir um afturköllun skilríkja í samræmi við starfsreglur Auðkennis og VF þessa.

Starfa í samræmi við lög og reglur.

5.21 Skyldur aðila sem reiða sig á skilríki.

Aðilar sem reiða sig á skilríki ber skylda til að:

Búa yfir þekkingu, og óska eftir þjálfun ef það er nauðsynlegt, varðandi notkun stafrænna skilríkja og dreif ilyklakerfa.

Kynna sér takmarkanir sem kunna vera á heimilli notkun stafræns skilríkis og fjárhæð viðskipta sem heimilt er að nota það fyrir.

Lesi og samþykkja skilmála og yfirlýsingar VF þessarar og samnings aðila sem reiða sig á skilríki sé slíkur samningur fyrir hendi.

Sannprófa skilríki frá Auðkenni, m.a. með því að nota afturköllunarlista (þ.á m. afturköllunarlista Auðkennis) í samræmi við aðferðir við sannprófun skilríkjakeðja.

Treysta eingöngu á skilríki frá Auðkenni ef hægt er að sannprófa að allar upplýsingar í því séu nákvæmar og réttar.

Reiða sig eingöngu á skilríki frá Auðkenni ef það er eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni (e. reasonable reliance).

5.22 Lögmæti upplýsinga.

Áskrifendur er einir og að fullu ábyrgir fyrir lögmæti þeirra upplýsinga sem þeir veita til birtingar í skilríki sem gefið er út undir VF þessari, í hvaða lögsögu sem slíkt efni gæti verið notað eða séð.

5.23 Ábyrgð áskrifanda gagnvart aðilum sem reiða sig á skilríki.

Án þess að takmarkaðar séu aðrar skyldur áskrifenda samkvæmt VF þessari, þá eru áskrifendur ábyrgir, fyrir hvers konar villandi upplýsingum sem þeir

veita í skilríki, gagnvart þriðju aðilum sem treysta á slíkar upplýsingar og hafa sannprófað eina eða fleira stafrænar undirskriftir með skilríkinu.

5.24 Skylda áskrifenda til að hafa eftirlit með fulltrúum.

Áskrifandi er ábyrgur og skal hafa stjórn á þeim upplýsingum sem fulltrúar hans veita Auðkenni. Áskrifandi skal tilkynna Auðkenni þegar í stað um hvers konar rangfærslur og yfirsjónir fulltrúa. Skyldur samkvæmt þessari grein eru viðverandi.

5.25 Notkun fulltrúa og ábyrgð.

Vegna skilríkja sem gefin eru út að beiðni fulltrúa áskrifanda, skulu bæði fulltrúinn og áskrifandinn bera fulla og óskipta bótaábyrgð við að halda Auðkenni, samstarfsaðilum og fulltrúum skaðlausum.

5.26 Skilmálar fyrir notkun á gagnasöfnum Auðkennis og vefsíðu.

Aðilar (þ.á m. áskrifendur og aðilar sem reiða sig á skilríki), sem ná í aðgang að gagnasöfnum eða vefsíðu Auðkennis, samþykkja skilmála VF þessarar og hver önnur þau skilyrði fyrir notkun sem Auðkenni gerir aðgengileg, fyrir utan upplýsingar sem veittar eru í eða vegna notkunar á kynningar- eða prufuskilríkjum.

Aðilar lýsa yfir samþykki sínu á skilmálum VF þessara með því að senda inn beiðni varðandi stöðu stafræns skilríkis eða með því að nýta sér eða reiða sig á hvers konar upplýsingar eða þjónustu sem veitt er.

Undir skilyrði fyrir notkun gagnasafna Auðkennis falla m.a.:

Upplýsingar sem veittar eru sem niðurstaða úr leit af stafrænu skilríki.

Sannprófanir á stöðu stafrænna undirskrifa sem gerðar eru með einkalykli sem svarar til dreifilykils í stafrænu skilríki.

Upplýsingar sem birtar eru á vefsíðu Auðkennis.

Hver önnur sú þjónusta sem Auðkenni auglýsir eða veitir í gegnum vefsíðu sína.

5.27 Áhættutaka.

Aðilar sem fá aðgang að upplýsingum í gagnasöfnum eða vefsíðu Auðkennis eru einir og að fullu ábyrgir fyrir því að meta og treysta á upplýsingar sem þar eru birtar.

Aðilar viðurkenna að þeir hafa fengið fullnægjandi upplýsingar til að meta og ákveða hvort að treysta skuli á upplýsingar sem birtar eru í stafrænu skilríki.

Auðkenni skal framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að uppfæra gögn og skráasöfn yfir stöðu skilríkja.

5.28 Nákvæmni upplýsinga.

Með hliðsjón af því hlutverki að veita trausta þjónustu, þá gerir Auðkenni sitt besta til að tryggja að aðilar sem fá aðgang að gagnasöfnum sínum fái

nákvæmar, uppfærðar og réttar upplýsingar. Auðkenni getur hins vegar ekki samþykkt eða tekið á sig neins konar ábyrgð umfram þær takmarkanir sem fram koma í VF þessari og tryggingarstefnu Auðkennis.

5.29 Misbrestur á því að fara eftir skilyrðum.

Misbrestur á því að fara eftir skilyrðum fyrir notkun á gagnasöfnum og vefsíðu Auðkennis getur leitt til riftunar á sambandi Auðkennis við viðkomandi aðila.

5.30 Skyldur Auðkennis.

Fram að því marki sem fram kemur í viðeigandi hlutum VF þessarar, lofar Auðkenni að:

Fara eftir VF þessari og innri eða opinberum stefnum og starfsreglum.

Fara eftir viðeigandi lögum og reglum.

Halda uppi nauðsynlegum stoðkerfum og veita vottunarþjónustu, þ.á m. koma upp og reka gagnasafn og vefsíðu.

Halda uppi áreiðanle gum búnaði, þ.á m. til framleiðslu lykla, verndar lykklum og leynilegri skiptingu hluta vegna eigin kerfis.

Tilkynna án tafar ef einkalyklum þess er stofnað í hættu.

Gera og staðfesta starfsreglur fyrir umsóknir um mismunandi gerðir stafrænna skilríkja sem það gefur út.

Gefa út stafræn skilríki í samræmi við VF þessar og uppfylla skyldur sínar samkvæmt henni.

Gefa út stafrænt skilríki í samræmi við VF þessa, án tafar eftir móttöku á beiðni frá skráningaraðila sem starfar í vottunarkerfi Auðkennis.

Afturkalla skilríki í samræmi við VF þessa.

Afturkalla stafrænt skilríki í samræmi við VF þessa, án tafar eftir móttöku beiðni frá skráningaraðila eða öðrum aðila sem starfar í vottunarkerfi Auðkennis.

Birta samþykkt skilríki í samræmi við VF þessa.

Veita áskrifendum og aðilum sem reiða sig á skilríki þann stuðning sem lýst er í VF þessari.

Sjá fyrir endalokum og endurnýjun skilríkja í samræmi við VF þessa.

Gera eintök af VF þessari og viðeigandi stefnum aðgengileg þeim aðilum sem eftir þeim óska.

Ábyrgjast nákvæmi upplýsinga sem birtar eru í fullgildum skilríkjum í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB 99/93 og lög nr 28/2001 um rafrænar undirskriftir.

Ábyrgjast að undirritandi hafi haldið á einkalyklinum sem svarar til dreifilykils í fullgildu skilríki á þeim tíma sem skilríkið var gefið út í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB 99/93 og lög nr 28/2001 um rafrænar undirskriftir.

Auðkenni lýsir því yfir og staðfestir að það hefur engar frekari skyldur undir VF þessari.

5.31 Ábyrgð vegna hæfni til ákveðins tilgangs.

Auðkenni hafnar allri ábyrgð og hvers konar skyldum umfram það sem kemur fram í VF þessari, þ.á m. ábyrgð á hæfni vöru eða þjónustu til ákveðins tilgangs.

5.32 Aðrar ábyrgðir.

Nema annað sé tekið fram í tengslum við fullgild skilríki sem gefin eru út í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB 99/93 og lög nr 28/2001 um rafrænar undirskriftir, ábyrgist Auðkenni ekki:

Nákvæmni, áreiðanleika, heilleikaeðahæfnihverskonar ósannprófaðra upplýsinga sem fram koma í skilríki eða er safnað saman, birtar eða dreift af eða fyrir hönd Auðkennis nema að því marki sem lýst er yfir í VF þessari eða tryggingarstefnu Auðkennis.

Nákvæmni, áreiðanleiki, heilleika eða hæfni allra upplýsinga sem koma fram í kynningarskilríkjum, fríum skilríkjum og prufuskilríkjum.

Og skal ekki verða bótaskyld vegna upplýsinga í skilríki nema það sé tekið fram í VF þessari eða tryggingarstefnu Auðkennis.

Gæði, virkni eða frammistöðu neins konar hug- eða vélbúnaðar.

Þrátt fyrir að það sé ábyrgt fyrir afturköllun skilríkja, getur það ekki tekið ábyrgð ef það getur ekki framkvæmt hana vegna ástæðna sem eru ekki undir stjórn þess.

Lögmæti, áreiðanleika, heilleika eða aðgengileika skráasafna yfir skilríki sem gefin eru út af þriðju aðilum (þ.á m. fulltrúum) nema því sé sérstaklega lýst yfir af hálfu Auðkennis.

5.33 Ósannprófaðar upplýsingar frá áskrifendum.

Þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir sem fram koma í VF þessari skal Auðkenni aldrei vera ábyrgt fyrir ósannprófuðum upplýsingum frá áskrifendum sem berast Auðkenni eða skráasafni Auðkennis eða veittar eru með öðrum hætti í þeim tilgangi að vera birtar í skilríki, nema annað sé tekið fram í tengslum við fullgild skilríki sem gefin eru út í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB 99/93 og lög nr 28/2001 um rafrænar undirskriftir.

5.34 Höfnun ábyrgðar vegna tiltekins tjóns.

Undir engum kringumstæðum (nema vegna svika eða vísvitandi misferlis af hálfu Auðkennis) skal Auðkenni vera ábyrgt fyrir:

Hvers konar óbeinu, tilviljanakenndu, eða afleiddu tjóni;

Hvers konar missi hagnaðar;

Hvers konar missi gagna;

Hvers konar annars konar óbeinum, afleiddum eða refsikenndum bótum sem orsakast af eða í sambandi við notkun, afhendingu, leyfi, virkni eða óvirkni stafrænna skilríkja eða stafrænna undirskrifta, eða hvers konar framkvæmda eða þjónustu sem boðin er eða áformuð í VF þessari;

Hvers konar annars konar tjóni nema því sem hlýst af því að reitt er á sannprófaðar upplýsingar í skilríki (í samræmi við VF þessa og tryggingarstefnu Auðkennis) nema þær sem koma fram í kynningarskilríkjum, fríum skilríkjum og prufuskilríkjum;

Hvers konar tjóni í þessum tilvikum eða öðrum ef ástæðan fyrir villunni í þessum sannprófuðu upplýsingum er vegna svika eða vísitandi misferlis áskrifanda;

Hvers konar tjóni sem verður vegna notkunar á skilríki sem ekki er í samræmi við VF þessa;

Hvers konar tjóni sem verður vegna notkunar á skilríki sem er ekki gilt;

Hvers konar tjóni sem verður vegna notkunar á skilríki sem fer út fyrir þær takmarkanir sem eru á notkun skilríkisins eða fjárhæð viðskipta sem það skal notað fyrir og koma fram í skilríkinu sjálfu, VF þessari eða viðeigandi vottunarstefnu;

Hverskonartjónisemverðurvegnaöryggis,hæfni, notkunarmöguleika eða heilleika búnaðar, þ.á m. þeim hug- og vélbúnaði sem áskrifandi notar;

Hvers konar tjóni sem verður vegna þess að einkalykli áskrifanda hefur verið stofnað í hættu.

5.35 Takmarkanir á bótaskyldu og bótafjárhæð.

Undir engum kringumstæðum (nema vegna svika eða vísitandi misferlis af hálfu Auðkennis) skal samanlögð ábyrgð Auðkennis gagnvart öllum aðilum, þ.á m. áskrifendum, umsækjendum, aðilum sem reiða sig á skilríki og móttakendum, fyrir allar stafrænar undirskriftir, allar aðgerðir og alls hugsanlegs tjóns tengdu tilteknu skilríki, vera hærri en viðeigandi ábyrgðarþak fyrir slíkt skilríki samkvæmt tryggingarstefnu Auðkennis.

5.36 Árekstur reglna.

Við árekstur reglna VF þessarar við aðrar reglur, leiðbeiningar eða samninga skulu ákvæði VF þessarar ráða og binda áskrifendur og aðra aðila, nema gagnvart öðrum samningum sem annað hvort:

Eru eldri en fyrsta opinbera útgáfa núverandi útgáfu af VF þessari.

Taka sérstaklega fram að þeir skulu taka yfir ákvæði VF þessar og gilda um samband aðila að því marki sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum.

5.37 Hugverka- og auðkennaréttindi.

Auðkenni, eða samstarfsaðilar þess, eiga öll hugverka- og auðkennaréttindi tengd gagnasöfnum sínum, vefsíðum, skilríkjum og hverju öðru því birta efni sem kemur frá Auðkenni, þ.á m. VF þessari.

5.38 Brot á hugverka- eða auðkennaréttindum og skaðlegt efni.

Áskrifendur Auðkennis lýsa því yfir og ábyrgjast að þegar þeir senda upplýsingar til Auðkennis og nota t.d. vefföng og sértæk nöfn (og allar aðrar umsóknarupplýsingar), séu þeir ekki að brjóta neins konar hugverka- eða auðkennaréttindi þriðja aðila í hvaða lögsögu sem er og ætli sér ekki að nota veffangið eða sértæka nafnið í ólöglegum tilgangi, þ.á m. og án takmarkana, tilólögmættraafskiptaafviðskiptasamböndumeðatilvonandi viðskiptataækifæra, óréttmættra viðskiptahátta, til að skaða orðspor annarra eða rugla eða blekkja aðila.

Áskrifendur skulu verja, bæta og halda Auðkenni skaðlausu vegna hvers konar taps eða tjóns sem verður vegna slíkra brota.

5.39 Eignarréttur.

Stafræn skilríki eru eign Auðkennis. Auðkenni veitir öllum ókeypiss leyfi til að afrita og dreifa skilríkjum að því gefnu að þau séu afrituð og dreift í heild, fyrir utan það að skilríki skulu ekki birt í gagnasöfnum eða skráasöfnum sem eru opinberlega aðgengileg án sérstaks leyfis frá Auðkenni. Markmið þessa ákvæðis er m.a. að vernda áskrifendur gegn óheimilli endurbirtingu persónuupplýsinga sem koma fram í skilríki.

Einka- og dreifilyklar er eign áskrifenda sem fra mleiða og halda á þeim.

Leynilegir hlutar einkalykla Auðkennis eru eign Auðkennis.

5.40 Lagaval.

Um VF þessa gilda íslensk lög og skal hún túlkuð í samræmi við þau. Lagavalið er í þeim tilgangi að tryggja samræmda túlkun VF, óháð búsetu aðila eða þeim stað þar sem skilríki eða þjónusta Auðkennis er notuð eða veitt. Íslensk lög gilda um öll viðskiptaleg- og samningaleg sambönd Auðkennis þar sem VF þessi á við eða vísað til hennar, beint eða óbeint, í tengslum við vörur og þjónustu þar sem Auðkenni kemur fram sem veitandi, móttakandi eða annað.

5.41 Lögsaga.

Allir aðilar, þ.á m. samstarfsaðilar Auðkennis, áskrifendur og aðilar sem reiða sig á skilríki, samþykkja óafturkræft að Héraðsdómur Reykjavíkur, Íslandi, hafi einn lögsögu vegna hvers konar málaferla, dómsathafna og til að leysa deilur sem kunna að rísa í tengslum við VF þessa eða vottunarþjónustu Auðkennis.

5.42 Lausn deilumála.

Áður en aðilar vísa deilumálum tengdum VF þessari til hvers konar úrlausnaraðila, þ.á m. gerðardóma og bindandi sérfræðiálita, samþykkja þeir að tilkynna Auðkenni um deiluna með það að markmiði að leysa hana.

5.43 Eftirmenn og framsalshafar.

VF þessi skal vera bindandi fyrir eftirmenn, framkvæmdaraðila, erfingja, fulltrúa, stjórnendur og framsalshafa aðila. Réttindi og skyldur samkvæmt VF þessari eru framseljanleg á grundvelli laga (þ.á m. sem afleiðing af samruna eða yfirfærslu atvæða) eða með öðrum hætti, að því gefnu að slíkt framsal fari fram í samræmi við ákvæði VF þessarar varðandi lok eða stöðvun starfsemi og að slíkt framsal hafi ekki áhrif á skyldur eða skuldir framseljanda gagnvart öðrum aðilum á þeim tíma sem slíkt framsal á sér stað nema með sérstöku samþykki þeirra.

5.44 Aðskilnaður ákvæða.

Ef einhver ákvæði VF þessarar, eða fylgigagna hennar, verður að einhverjum ástæðum, og að hvaða marki sem er, ógilt eða óframkvæmanlegt, skulu önnur ákvæði VF (og beiting ákvæðanna sem eru ógild eða óframkvæmanleg gagnvart öðrum aðilum eða kringumstæðum) túlkuð með tilliti til upphaflegrar ætlunar aðila.

Öllum ákvæðum VF þessarar sem kveða á um takmarkanir eða höfnun ábyrgðar, bóta eða annarra skyldna er ætlað að gilda sjálfstætt og óháð öðrum ákvæðum og framfylgt sem slíkum.

5.45 Túlkun.

VF þessi skal ætíð túlkuð í samræmi við viðskiptavenjur og sanngjarna og eðlilega viðskiptahagsmuni, með hliðsjón af aðstæðum og ætluðum notum vöru eða þjónustu. Við túlkun VF skulu aðilar einnig taka mið af alþjóðlegu umfangi og notum þjónustu og vara Auðkennis og skráningaraðila þess, sem og grundvallarreglunni um góða trú eins og henni er beitt í viðskiptum.

Fyrirsagnir, millifyrirsagnir og aðrar yfirskriftir í VF þessari eru eingöngu ætlaðar til þæginda og tilvísana og skulu ekki vera notaðar til að túlka, skýra eða framfylgja ákvæðum hennar.

Viðaukar og skilgreiningar við VF þessa eru ætíð óaðskiljanlegur og bindandi hluti hennar.

5.46 Engar undanþágur.

VF þessari skal framfylgt í heild sinni, en ekki skal litið á vanrækslu aðila á að framfylgja einhverju ákvæði hennar sem undanþágu frá síðari framfylgni þess ákvæðis eða annarra ákvæða.

5.47 Tilkynningar til Auðkennis.

Auðkenni tekur við tilkynningum í tengslum við VF þessa í stafrænt undirrituðum boðum eða pappírformi. Sendandi tilkynningarinnar skal telja

hana virka við móttöku á gildri, stafrænt undirritaðri staðfestingu frá Auðkenni. Ef sendandinn móttækur ekki slíka staðfestingu innan 5 daga verður hann að senda tilkynninguna á pappírformi og afhent af boðbera sem staðfestir afhendingu boðanna eða í ábyrgðarpósti, greitt að fullu og stílað á:

Auðkenni hf.
Lögfræðisvið
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Netfang: legal@audkenni.is

5.48 Gjöld.

Auðkenni getur innheimt af áskrifendum gjöld vegna notkunar á vörum sínum og þjónustu í samræmi við gjaldskrá sem birt er á vefsíðu Auðkennis. Auðkenni áskilur sér rétt til að breyta slíkum gjöldum.

5.49 Ákvæði sem lifa áfram eftir lok gildistíma VF.

Þær skyldur og takmarkanir sem fram koma í ákvæðum 3.7 um endurskoðun, 5.20 og 5.30 um skyldur Auðkennis (RA og CA), ákvæðum um takmarkanir á slíkum skyldum sem eru m.a. í ákvæðum 5.31-39, 3.11 um trúnaðarupplýsingar, 5.19 um skaðabætur frá áskrifendum og ýmsum ákvæðum í 5.40-48, skulu halda gildi sínu sjálfstætt eftir lok gildistíma VF þessarar.

6 Almennar útgáfureglur.

6.1 Almennt.

Auðkenni gefur út margar gerðir stafrænna skilríkja og m.a. skilríki þar sem auðkenni einstaklinga er sannprófað með því að þeim er gert skylt að koma í eigin persónu frammi fyrir skráningaraðila. Vegna skilríkja fyrir fyrirtæki og stofnanir krefst Auðkenni opinberra skjala til að sannprófa viðkomandi.

Skilríki Auðkennis eru gefin út til einstaklinga eða lögaðila.

Auðkenni getur notað dulritunarbúnað verndaðan með aðgangsorðum (PIN) til að gefa út skilríki sín. Mælt er með dulritunarbúnaði (e. cryptographic module) en þess ekki krafist.

Hefðbundinn gildistími stafrænna skilríkja Auðkennis er 1 ár eða eins og tekinn er fram á vefsíðu Auðkennis.

6.2 Skilríki gefin út til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Hægt er að sækja um skilríki með eftirfarandi hætti:

Á Netinu: Umsækjandi um skilríki sendir inn umsókn í gegnum öruggt samband á Netinu í samræmi við aðferðir sem Auðkenni lætur í té. Nauðsynlegt getur verið að leggja fram viðbótarskjöl til að Auðkenni geti sannprófað auðkenni umsækjanda. Umsækjandi sendir Auðkenni slík viðbótarskjöl. Þegar auðkenni umsækjanda hefur verið sannprófað gefur Auðkenni skilríkið út og sendir tilkynningu til umsækjanda. Umsækjandi

sækir og hleður niður í búnað sinn. Umsækjandinn verður að tilkynna Auðkenni um hver konar ónákvæmni, villur eða galla í skilríki þegar í stað eftir móttöku þess eða fyrir ef hann fær vitneskju um það.

Með tölvupósti (S/MIME): Umsækjandi sendir umsókn um skilríki á viðeigandi formi til Auðkennis. Nauðsynlegt getur verið að leggja fram viðbótarskjöl til að Auðkenni geti sannprófað auðkenni umsækjanda. Umsækjandi sendir Auðkenni slík viðbótarskjöl. Þegar auðkenni umsækjanda hefur verið sannprófað gefur Auðkenni skilríkið út og sendir það á netfangið sem beiðnin kom frá. Umsækjandi sækir og hleður niður í búnað sinn. Umsækjandinn verður að tilkynna Auðkenni um hver konar ónákvæmni, villur eða galla í skilríki þegar í stað eftir móttöku þess eða fyrir ef hann fær vitneskju um það.

6.3 Efni skilríkis.

Hefðbundið efni sem birt er í skilríki frá Auðkenni, getur innfalið, en er ekki takmarkað við eftirfarandi upplýsingar:

Nafn umsækjanda.

Netfang umsækjanda.

Dreifilykil umsækjanda.

Landstákn fyrir land umsækjanda.

Fyrirtæki eða stofnun sem umsækjandi vinnur hjá eða fagfélag sem hann er meðlimur í.

Vottunaraðila þann sem gefur skilríkið út (Auðkenni).

Stafræna undirskrift Auðkennis.

Gerðir algríma.

Gildistíma skilríkisins.

Raðnúmer skilríkisins.

6.4 Framlögð gögn til sannprófunar á auðkenni umsækjanda.

Í öllum tilvikum verður umsækjandi að láta skráningaraðila Auðkennis í té undirritað skráningareyðublað og undirritaðan áskrifandasamning. Það fer síðan eftir gerð og stigi skilríkisins hvernig umsækjandi færir auk þess sönnur á auðkenni sitt og stöðu innan fyrirtækis eða stofnunar í samræmi við skráningarreglur Auðkennis.

Einstaklingar verða í öllum tilvikum að framvísa eða afhenda afrit af viðurkenndum persónuskilríkjum (vegabréf, ökuskírteini eða bankakort) til að færa sönnur á auðkenni sitt.

Nauðsynlegt er fyrir starfsmenn fyrirtækja að framvísa opinberri staðfestingu á skráningu fyrirtækisins í fyrirtækja- eða félagaskrá eða sambærilegri staðfestingu þriðja aðila yfir stöðu fyrirtækisins og staðfestingu frá lögbærum fulltrúa fyrirtækisins.

Fyrir opinberar stofnanir er nauðsynlegt að leggja fram opinbert bréf frá viðkomandi stofnun og staðfestingu frá lögbærum fulltrúa hennar.

Einstaklingar sem eru í sjálfstæðum rekstri verða að framvísa staðfestingu frá opinberum aðila á stöðu sinni eða sambærilegri staðfestingu þriðja aðila.

Einstaklingar sem tilheyra félögum eða fagstéttum verða að leggja fram opinbert bréf frá viðkomandi félagi eða fagstétt, auk félagsskírteinis eða annarar fullnægjandi sönnunar á að viðkomandi sé félagi eða meðlimur.

Auðkenni getur krafist viðbótargagna til sannprófunar á viðkomandi.

Vegna skilríkja fyrir lögaðila verður umsækjandi að afhenda skráningaraðila Auðkennis undirritað skráningareyðublað, undirritaðan áskrifandasamning og hver önnur þau gögn sem tiltekin eru á skráningarsíðunni á Netinu. Slík skjöl eru m.a. staðfesting frá fyrirtækja- eða félagaskrá um skráningu félagsins og stjórnarmenn þess, framkvæmdastjóra og þá sem geta lagalega skuldbundið félagið.

6.5 Tímafrestur til að sannprófa framlögð gögn.

Auðkenni viðhefur eðlilega fyrirhöfn við að sannprófa umsóknargögn og gefur út stafræn skilríki innan eðlilegs tímafrests, sem getur verið á milli 1 til 5 vinnudagar.

6.6 Starfsaðferðir við útgáfu.

Eftirfarandi þrep lýsa meginatriðum við útgáfu skilríkja Auðkennis:

1. Umsækjandi fyllir út beiðni um skilríki á vefsíðu Auðkennis.
2. Umsækjandi lætur í té nauðsynlegar upplýsingar.
3. Auðkenni sannprófar netfang umsækjanda með því að senda honum tölvupóstfang sem inniheldur vefslóða þar sem hann getur haldið umsókninni áfram.
4. Umsækjandi lætur í té nauðsynlegar upplýsingar, t.d. netfang, almennt nafn, upplýsingar um lögaðila, landstákn, sannprófunaraðferð og greiðsluupplýsingar.
5. Áskrifandi samþykkir áskrifandasamninginn á Netinu.
6. Einkalykill umsækjanda er búinn til í búnaði hans, t.d. tölvunni eða á snjallkorti.
7. Dreifilykillinn og umsóknin er send sjálfkrafa til Auðkennis.
8. Auðkenni framkvæmir sannprófun, t.d. með því að einstaklingur kemur í eigin persónu frammi fyrir skráningaraðila, með því að skoða skráningu fyrirtækis og athuga greiðsluupplýsingar.
9. Skráningaraðili staðfestir að sannprófun sé jákvæð.
10. Auðkenni gefur út skilríki til umsækjanda.
11. Auðkenni birtir skilríkið í opinberum gagnasafni sínu.
12. Hægt er að endurnýja skilríkið.
13. Hægt er að afturkalla skilríkið.

6.7 Tryggingar.

Auðkenni tekur á sig og samþykkir ábyrgð í samræmi við tryggingarstefnu sína sem birt er á www.audkenni.is/skjalasafn.